

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

115
27. júní.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um prentun á lagafrumvarpi.* — Jafnframt því að senda hingað bönarbrjef, þar sem forstjóri hins konunglega íslenska landsyfirdóms Jón Pjetursson, fer þess á leit, að ágreiningsfrumvarp það, er hann sem einn af nefndarmönnum þeim, er skipaðir voru með konungsúrskurði 4. nóvember 1870, hefir samið til landbúnaðarlaga fyrir Ísland með þar að lútandi ástæðum megi prenta á sama hátt og með viðlíka styrk frá hinu opinbera, og frumvarp það, er meiri hluti nefndarinnar gerði, þó þannig að honum sje leyfilegt að gjöra smábreytingar við frumvarpið og einkum sleppa miklum hluta af fyrsta kafla ástæðanna, hafið þjer, herra landshöfðingi í þóknanlegu brjefi 25. apríl þ. á., lagt það til, að hið umbeðna veitist, en þó ætlið þjer, að ekki beri að leyfa, að breytingar sjeu gjörðar á sjálfu frumvarpinu, en hins vegar geti ekkert verið því til fyrirstöðu, að ástæðurnar verði stytta á þann hátt, sem á er vikið.

Fyrir því leggst stjórnarráðið ekki undir höfuð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar þjónustusamlega að tilkynna yður, að hið umbeðna veitist á þann hátt, sem þjer, herra landshöfðingi hafið tekið fram, og þannig, að yður er falið á hendur að gjöra ráðstafanir þær, er þörf er á í þessu tilliti.

116
27. júní.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um styrktarsjóð suðuramtsins frá 1822.* — Með þóknanlegu brjefi 18. febrúar þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað bönarskrá með álitu hlutaðeigandi amtmanns, þar sem alþingismaður Sighvatur Árnason eptir beiðni hreppsnefndanna í Austur- og Vestur Eyjafjallahreppum fer fram á, að fyrirkomulagi því, sem gjört var með rentukammerbrjefi 23. sept. 1826, með tilliti til þess, hvernig verja skuli eptirstöðvunum af hinum frjálsu gjafasamskotum handa þeim, er urðu hjálparþurfa í Eyjafjallasveit í Rangárvallasýslu eptir jökulgosíð 1822, megi breyta þannig, að telja megi sjóð þann, er safnast hefir, eign áminnztra hreppa; en eptir nefndu fyrirkomulagi áttu vextirnir af fjenu að leggjast fyrir á hverju ári, svo að þeim, ef til þyrfti að taka, yrði varið þeim til hjálpar, sem kynnu að verða fyrir tjóni af jarðeldi í suðurumdæminu.

Með tilliti til þessa leggst stjórnarráðið ekki undir höfuð þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að með því það er ljóst af því, sem áður hefir fram farið í máli þessu, að íbúar Eyjafjallahrepps hafa þá fengið fullkomið endurgjald fyrir tjón það, er þeir urðu fyrir af völdum jarðeldsins 1822, og það því ekki verður sjeð, að þeir fremur öðrum íbúum suðurumdæmisins eigi neina sjerstaka heimting á hinu umrædda fje, og er það afgangur af gjöfum þeim, er safnast höfðu að mestu leyti í suðurumdæminu, finnur ráðgjafinn ekki ástæðu til þess að breyta því fyrirkomulagi á nefndum sjóði, sem á hefir komizt með hinu tilvitnaða rentukammerbrjefi.

117
6. júlí.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til kirkjubyggingar.* — Með þóknanlegu brjefi frá 16. f. m. senduð þjer, herra landshöfðingi, hingað bönarskrá sóknarmanna Lundarbrekkukirkju, sem hafa tekizt á hendur kostnað þann, er leiðir af því, að byggja upp aptur nefnda kirkju, er brann næstliðið vor, þar sem eigandi kirkjunnar er ekki fær um það, og fara þeir þess á leit, að fá í þessu tilliti lán úr viðlagasjóði, 2000 kr. að upphæð. Fyrir því vil eg ekki láta undan falla þjónustusamlega að tilkynna yður til þóknanlegs athuga, birtingar og annara aðgjörða, að hið umbeðna